PERMANENT FYRIR ALLA
VERIÐ VELKOMIN.

VALHÖLL
ÓÐINSGÖTU 2, REYKJAVÍK
HÁRGREIÐSLUSTOFA
SÍMI: 22138




DV - BÍLAR

BLAÐAUKI
ALLA LAUGARDAGA
BÍLAMARKAÐUR DV
er nú á fullri ferð

Skilafrestur í bílagetraun
er til fimmtudags.

DV

Einbýli – laust strax



Vinalegt hús á eins hektara eignarlóð á góðum stað í Grindavík.
Húsið er mikið endurnýjað.
– Góð greiðslukjör. Útborgun á ári aðeins 900 þús.
Mætti taka bíl eða skuldabréf upp í kaupverð. Laust strax. Ath. stutt í Bláa lónið.
Upplýsingar í síma 91-25722 á skrifstofutíma og sunnudaga milli kl. 1 og 5.



Helgi Þorgils – Gullin nótt, 1987.

Dalakútur í bæjarferð

Sýningar Helga Þorgils

Myndlist

Aðalsteinn Ingólfsson

Það er kannski ljótt að segja það en sumir myndlistarmenn eru einfaldlega of mikilvirkir fyrir okkar litla menningarsamfélag. Þeir framleiða of mikið, sýna of oft og eru svo undrandi yfir dræmri sölu.

Þessi mikilvirkni kemur ekki einasta niður á sölumöguleikum umræddra listamanna, heldur er eins og hún stuðli að eins konar ónæmi meðal þeirra sem sækja sýningar.

Eftir að einn og sami listamaður er búinn að vera með standandi sýningar á ýmsum stöðum í nokkur misseri, hefur talað við alla fjölmiðla sem máli skipta, er eins og næfurþunn himna sé dregin yfir sjáaldur myndlistaráhugafólks. Sumir hætta að horfa, aðrir hætta að sjá.

Þetta er í sjálfu sér engum „að kenna“, en þó mundu margir listamenn gera sjálfum sér (og okkur) greiða með því að sýna aldrei fleiri en (segjum) fimmtíu myndir í senn.

Skilningarvitin þola ekki fleiri verk í einu, ekki síst ef listamaðurinn gerir til þeirra miklar kröfur.

Það gefur auga leið að þessi aðfaraorð eru öðru fremur stíluð til Helga Þorgils Friðjónssonar, mikilvirks verkamanns í aldingarði listanna, sem heldur tvær sýningar í bænum um þessar mundir, að Kjarvalsstöðum og í Gallerii Svart á hvítu.

Hin bernsku viðhorf

Helgi Þorgils hefur verið sjálfum sér líkur í nokkuð mörg ár, og ekkert nema gott um það að segja.

Honum hefur tekist það sem mörgum hefur mistekist, nefnilega að viðhalda og rækta með sér bernsk viðhorf til lífsins og tilverunnar, koma fyrir eins og hver annar dalakútur sem villst hefur til borgarinnar með heimatilbúin ævintýri upp á vasann.

Vitaskuld er þetta Helga eiginlegt, rétt eins og sérhver okkar ber í sér það barn sem hann var.

En Helgi líka heimsmaður í sér, eins og glöggt hefur komið fram í ýmsum viðtölum, innanbúðar í evrópskum galleríum, verseraður í helstu hugmyndum um póstmódernismann og sér meðvitaður um hlutverk sitt innan þess -isma.

Helgi er sem sagt ekki eins næfur og verk hans gefa sig út fyrir að vera.

Því fleiri sýningar hans sem ég sé, þeim mun sannfærðari er ég um að Helgi er upp á sitt besta sem mínatúristi, það er, málari/þrykkjari smámynda.

Ekki það að Helgi hafi ekki burði til að mála með olíulitum á léreft. Þótt hann sendi akademískri tækni langt nef á prenti, kann hann nóg í henni til að nota þegar honum hentar.

Breiðtjald og sínemaskóp

Nei, heldur vegna þess að allur hugmyndaheimur hans er eins og sniðinn fyrir litla tjaldið, ekki breiðtjald og sínemaskóp. Að varpa hugsýnum hans á breiðtjald er eins og að lita upp gamla súrrealíska klassík eins og „Draumar fyrir peninga“ og þenja hana yfir breiðtjald.

Þetta stafar af því að öll myndhugsun Helga er bæði inn- og sjálfhverf. Hann vinnur bókstaflega úr öllu því sem honum dettur í hug eða rekst á, gerir svo úr því kokkteil.

Í þeim kokkteil eru æskuminningar, sniðug atvik úr listasögunni, íslenskar þjóðsögur, goðafræði, brandarar, ásamt öðru tilfallandi.

Þessir þættir mynda sérstaka frásagnarkeðju, segjum að kentár með blómapott á bakinu fari á fjörur við rauðan fugl, sem hefur hins vegar meiri áhuga á engli með mikið reist hold, sem gerir sig líklegan til að þjónusta mennska veru með einn fót og tvö typpi. Eitthvað í þessa veru.

Þessi atburðarás snýst umfram allt um sig sjálfa, hún ber uppi sérstakan og einkalegan myndheim, sem listamaðurinn ítrekar með vandlega útlistaðri þrívídd og fjarvídd.

Brýnt erindi?

Með því að stækka hugsýnir sínar, lætur Helgi eins og þær séu úthverfar, eigi brýnt erindi við okkur öll.

Sem er ekki endilega tilfellið. Til ess hafa þær ekki nægja þyngd, sem annað orð fyrir áhrifamátt. Og sá rifamáttur, sem ég er með í huga, tapast aðeins í verkum sem skírtota út á við að einhverju eða öllu yti, segja eitthvað um tilvist í númanum.

Vissulega kann ég vel að meta ugsýnir HÞF. En ég vil geta staðið yrir utan þær til að spá í þær, rétt eins og ljóð, en ekki að láta þær ýna yfir mér, eins og þær gera að Kjarvalsstöðum.

Þess vegna kann ég svo vel við nig í Gallerii Svart á hvítu, þar sem Helgi segir sínar kostulegu sögur ágri og ísmeygilegri röddu og er auk ess alveg óhræddur við að gleðja augað. -ai

Getum útvegað ýmsar stærðir af Ford dísilvélum fyrir báta, iðnaðartæki og rafstöðvar. Hagstætt verð, stuttur afgreiðslufrestur.

Almenna Varahlutasalan s/f
Skeifunni 17, s. 83240 og 685100

